

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.10.2017
Málalýkill	06.7
Mál nr.	1710194

Álftanes 17.10.2017

Bæjarstjórn Garðabæjar

b.t. bæjarstjóra, Gunnars Einarssonar

Efni: Æfingaraðstaða til eflingar á barna- og unglingastarfi hestamannafélagsins Sóta á Álftanesi

Hestamannafélagið Sóti nýtur þeirra forréttinda að vera staðsett í sveit innan borgarinnar sem er eftirsóknarverður kostur fyrir þá sem stunda hestamennsku. Það er dýrmætt í nútíma samfélagi að getað stundað íþrótt sína sem hestamennska er, nánast við heimilið að loknum vinnudegi/skóladegi.

Nú er gert ráð fyrir því á deiliskipulagi Garðabæjar að hesthúsaðstöðu á Álftanesi fái að vera áfram og teljum við það vera mjög jákvætt fyrir ímynd Álftaness.

Á félagssvæði hestamannafélagsins Sóta, er góður keppnisvöllur, gerði og félagshús en til þess að geta eftir barna- og unglingastarf og verið með markvissari starfsemi fyrir félagsmenn vantar okkur nauðsynlega aðstöðu/skjól undir þaki. Við höfum skoðað ýmsa möguleika, t.d. að byggja yfir núverandi gerði sem er 20mx40m (sjá meðfylgjandi loftmynd af félagssvæði Sóta).

Hagkvæmur kostur, að okkar mati, væri stálgrindarhús klætt með gúmmidúk. Bygging sem er auðveld í uppsetningu og auðvelt að taka niður frá fyrirtæki sem heitir Rubb <http://www.rubbuk.com/products/insulated-fabric-buildings.htm> Sjá meðfylgjandi myndir, tilboð frá fyrirtækinu Rubb.no og kostnaðaráætlun unnin fyrir hestamannafélagið Sóta af Eysteini Dofrasyni, byggingatæknifræðingi hjá Suðurverk hf.


Samkvæmt mati reiðkennara, Sigrúnar Sigurðardóttur, sjá meðfylgjandi greinargerð, er hentug stærð til kennslu og þjálfunar 20m x 40m (sama stærð og núverandi gerði) en bilin í reiðhöll Sprettis (sem eru þrjú) eru hvert 24m x 34 m að stærð. Aðstaða sem samsvaraði einu bili í reiðhöll Sprettis myndi því henta starfsemi Sóta mjög vel.

Að geta boðið upp á æfingar og reiðkennslu fyrir börn, unglinga og hinn almenna félagsmann þegar allra veðra er von væri algjör lyftistöng fyrir okkur í Sóta. Teljum við að með tilkomu æfingaraðstöðu í þessari mynd komist starfsemi félagsins á annað plan en þess ber að geta að félagsmenn í Sóta eru á annað hundrað.

Nú í sumar var boðið upp á reiðnámskeið fyrir börn á Álftanesi og voru þau mjög vel sótt. Það sýndi okkur að áhugi er mikill á meðal barna og foreldra hér á Álftanesi og í því felast tækifæri til nýliðunar.

Með þessu bréfi óskar hestamannafélagið Sóti eftir viðræðum og samvinnu við Garðabæ um að bæta aðstöðu félagsins til þjálfunar og kennslu. Með það að markmiði að auka tækifæri barna og unglinga á Álftanesi til íþróttaiðkunnar.

Með virðingu og vinsemd



Jörundur Jökulsson, formaður hestamannafélagsins Sóta

Efstakoti 3,225 Álftanes, S:898 2088

